



Grein birt 15. desember 2011

Sigrún Harðardóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir

Einstaklingsmiðað nám í framhaldsskóla¹

Sérstakur stuðningur við nemendur á almennri braut

Hér birtist fyrsta greinin í röð greina frá Menntaskólanum á Egilsstöðum þar sem höfundar lýsa þróunarstarfi um úrræði og þjónustu við nemendur með sérþarfir, sérstaklega nemendur með sértæka námserfiðleika (s.s. ADHD, dyslexíu og óyrta námsörðugleika). Þá stendur yfir í skólanum vinna við nýja námskrá vegna nýrra laga um framhaldsskóla og þótti mikilvægt að líta yfir það sem gert hefur verið og draga af því lærdóm til að þróa enn frekar þjónustu við nemendur með sértæka námserfiðleika. Menntaskólinn á Egilsstöðum er bóknámsskóli sem leggur sig fram við að mæta þörfum fjölbreytts nemendahóps eins og sjá má af námsframboði skólans. Utan hefðbundinna stúdentsbrauta hefur skólinn boðið upp á listnám til tveggja ára, starfsnám í íþróttum, starfsbraut fyrir fatlaða og ýmsar stuttar brautir sem kenndar eru mikið til í fjarnámi, jafnvel í samvinnu við aðra skóla. Í næstum áratug eða frá því að almenn braut fór af stað við skólann hefur verið unnið markvisst að ýmsum þróunarverkefnum í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Sett hefur verið á fót nemendapjónusta sem heldur utan um stuðningsúrræði og þróun þeirra. Má nefna þróunarverkefni þar sem reyndar voru leiðir að einstaklingsmiðuðu námi. Tilraunaverkefni með aðstoð við heimanám leiddi til þess að nú er námsver í boði á hverri önn fyrir þá nemendur á almennri braut sem greindir hafa verið með sértæka námserfiðleika. Í námsveri var kennd námstækni og nemendur fengu hjálp við heimanám. Í tvö ár var gerð tilraun með fjölgreinabraut sem rann svo aftur saman við almenna braut. Þá hefur undanfarin tvö ár verið unnið að því með kennurum á almennri braut og hugmyndir Alberts Bandura að leiðarljósi að styrkja trú nemenda á eigin getu. Í þessari grein er fjallað um þróunarverkefni sem stóð í tvö ár, 2005–2007, og snerist um að þróa einstaklingsmiðað nám á almennri braut.

Sigrún Harðardóttir er námsráðgjafi og kennari við Menntaskólann á Egilsstöðum og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir er verkefnisstjóri nemendapjónustu við skólann.

¹ Greinin er byggð á skýrslu eftir Jónínu Rós Guðmundsdóttur, Mariönnu Jóhannsdóttur og Sigrúnu Harðardóttur frá 2007. Heiti hennar er *Skýrsla vegna þróunarverkefnis í Menntaskólanum á Egilsstöðum 2005–2007. Almenn braut, tveggja ára valkostur og stuðningur við nemendur með sértæka námserfiðleika.*

Þróunarverkefnið í hnotskurn

Tilgangur þróunarverkefnis sem hér er lýst var að auka þjónustu við nemendur á almennri braut í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Reynslan sýnir að þeir nemendur sem innritast á almenna braut eiga oft við fjölþætt vandamál að etja og til að mæta þörfum þeirra hefur þjónustan verið í sífelltri þróun og uppbyggingu. Brautin hefur verið starfrækt frá árinu 2001 en þrátt fyrir tilkomu hennar hefur ekki tekist að stemma stigu við brottfalli úr hópi nemenda með slakan undirbúning úr grunnskóla. Ljóst er að aukinn kostnaður skapast þegar þróa á nýjar lausnir fyrir ákveðinn nemendahóp og því var ákveðið að sækja um styrk úr Þróunarsjóði framhaldsskóla þegar þróa átti úrræði til að koma í veg fyrir brottfall og leggja sérstaka áherslu á þjónustu við nemendur með sértæka námserfiðleika.

Í þróunarverkefninu var lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Með einstaklingsmiðun er átt við að nemendur fara yfir námsefni áfangans á ólíkum hraða, námsmat er sveigjanlegt og verkefni einstaklingsmiðuð. Gengið var út frá því að slá ekki af kröfum eða breyta innihaldi áfanga, allir nemendur unnu í sama námsefninu en hver á sínum forsendum. Auk þess var ákveðið að auka stuðning við heimanám og setja á laggirnar námsver sem sérstakan áfanga. Í námsveri gafst nemendum kostur á að ljúka heimanámi sínu með aðstoð kennara, tileinka sér góða námstækni og skilvirk vinnubrögð.

Tveir tólf manna nemendahópar tóku þátt í þróunarverkefninu. Leitast var við að mæta sérþörfum nemenda með sértæka námserfiðleika, hver nemandi vann á sínum forsendum og fékk aðstoð við að skipuleggja námið. Auk þess lögðu kennarar í námsveri, sem jafnframt voru umsjónarkennarar nemenda, áherslu á gott samstarf við foreldra.

Niðurstöður voru þær að einstaklingsmiðun í námi skilaði góðum árangri. Viðhorfsbreyting varð til náms; nemendur virtust mun jákvæðari gagnvart verkefnum sem þeim voru sett fyrir, þeir gengu ákveðnari til verks og tóku meiri ábyrgð á námi sínu sjálfir. Enn fremur var marktækur munur á líðan nemenda eftir veturinn samkvæmt niðurstöðum ASEBA-matslista sem mælir líðan og hegðun.

Almenn braut

Almenn braut hefur verið starfrækt í Menntaskólanum á Egilsstöðum frá árinu 2001 en samkvæmt námskrá er almenn braut annars vegar fyrir þá nemendur sem styrkja þurfa stöðu sína í námi áður en þeir hefja nám á öðrum brautum framhaldsskólans og hins vegar fyrir nemendur sem eru óráðnir. Veturinn 2000–2001 tóku fjórir kennarar frá skólanum þátt í vettvangsnámi á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands með það fyrir augum að undirbúa almenna braut. Í Menntaskólanum á Egilsstöðum var tekin sú ákvörðun að skipta brautinni í þrennt, þ.e. AB1, AB2 og AB3.² AB1 var fyrir þá nemendur sem höfðu ekki náð tilskildum árangri í tveimur eða fleirum samræmdum prófum, AB2 var fyrir þá nemendur sem ekki höfðu náð tilskildum árangri í einu samræmdu prófi og AB3 var fyrir þá nemendur sem voru óákveðnir og þá sem höfðu náð samræmdum prófum en ekki náð tilskildum árangri inn á þá braut sem vakti áhuga þeirra. Séráfangar á almennri braut eru einkenndir með millistafnum níu í áfanganúmeri.³

Á fyrstu tveimur árunum kom í ljós að fornámsáfangar voru ófullnægjandi úrræði fyrir stóran hluta þeirra nemenda sem innrituðust á almenna braut og brottfall var mikið. Greining á nemendahópnum leiddi í ljós að þeir áttu oft við að etja fjölþætt vandamál sem hindruðu

² Frá hausti 2008 hefur skipting brautarinnar verið þannig að á A10 eru nemendur sem voru með einstaklingsnámskrár í grunnskóla og mjög slakan undirbúning fyrir nám á framhaldsskólastigi, A11 er fyrir þá sem náðu ekki inntökuvíðmiðum í öllum þremur kjarnagreinum (ensku, íslensku og stærðfræði), A12 er fyrir þá sem náðu ekki inntökuvíðmiðum í einni grein, A13 fyrir óákveðna og A21 fyrir þá sem þurfa annað ár á almennri braut. Í nýrri námskrá sem kennt verður eftir frá hausti 2011 mun almenn braut kallast framhaldsskólbraut.

³ Almenn eru áfangar með 9 í millistaf ekki einingabærir á námsbrautum framhaldsskóla og telja ekki til stúdentsprófs.

Þá í að ná árangri í námi, s.s. tilfinningalegan og félagslegan vanda auk námserfiðleika. Árið 2003 var sett á laggirnar þróunarverkefni til að mæta þörfum nemenda með ADHD. Síðan þá hefur þjónusta við nemendur á almennri braut verið í sífelldri þróun og uppbyggingu. Stór hluti af þeirri uppbyggingu var stofnun nemendapjónustu við skólann árið 2005 þar sem ljóst var að fleiri þurftu að koma að málum nemenda á almennri braut en fagkennarar og námsráðgjafi. Sett var saman þverfaglegt teymi náms- og starfsráðgjafa, skólafélagsráðgjafa, kennslustjóra almennrar brautar, skólahjúkrunarfræðings, sérkennara og forvarnarfulltrúa sem saman mynduðu Nemendapjónustu ME.⁴

Sótt var um styrk í Þróunarsjóð framhaldsskóla til að þróa áfram úrræði og draga úr brottfalli. Ákveðið var að vinna að verkefni þar sem áhersla var lögð á einstaklingsmiðað nám og aukinn stuðning við heimanám.

Þróunarverkefni um einstaklingsmiðað nám

Tilgangur verkefnisins var að skapa tækifæri fyrir nemendur með námserfiðleika til að ná betri árangri í námi. Hugmyndin var sú að með einstaklingsmiðun í námi og sértækum stuðningi við nemendur væri hægt að aðstoða þá við að yfirstíga námslegar hindranir sínar og nýta styrkleika sína í námi. Eftirfarandi markmið voru höfð að leiðarljósi:

- Að búa nemendum á almennri braut hvetjandi og aðlaðandi námsaðstæður.
- Að aðstoða nemendur við að sjá styrkleika sína og nýta þá.
- Að hjálpa nemendum að ná tókum á hamlandi þáttum í námi.
- Að nemendur verði smám saman ábyrgir fyrir námi sínu.
- Að útfæra stuðningsúrræði fyrir nemendur með námserfiðleika.
- Að þróa einstaklingsmiðað nám fyrir nemendur á almennri braut.
- Að vinna markvisst með forráðamönnum nemenda.

Áður en námið hófst voru nemendur ásamt forráðamönnum kallaðir í viðtöl þar sem farið var yfir stöðu þeirra og undirritaður samningur um nám á almennri braut. Í samningnum kom fram hver ábyrgð nemenda væri, hlutur forráðamanna og þáttur skólans. Lögð var áhersla á einstaklingsmiðun í námi í fornámsáföngum þar sem nemendur gátu farið á sínum hraða. Efninu var skipt niður í stuttar lotur sem lokið var með formlegum hætti (próf, verkefni o.fl.). Nemendur áætluðu sjálfir hvað þeir ætluðu að gera í hverri viku og á hverjum degi. Til að leggja áherslu á virkan þátt nemandans í eigin námi var hugtakið nám notað í mun meira mæli en hugtakið kennsla. Nemendur voru hvattir til að finna og nýta eigin áhugasvið til að nám þeirra yrði sem markvissast og áhugaverðast. Regluleg viðtöl voru við nemendur þar sem þeir fengu stuðning og hvatningu og fundir voru haldnir með foreldrum þeirra.

Nemendahópur

Í inntökuvíðtölum kom í ljós að námsleg breidd þeirra 24 nemenda sem tóku þátt í tilraunaverkefninu var mikil. Í hópnum voru bæði nemendur sem höfðu tekið samræmd próf með einkunnina 4,0 til 4,5 og náðu því ekki inntökuskilyrðum á bóknámsbrautir skólans og nemendur sem höfðu verið með einstaklingsnámskrá í öllum kjarnagreinum í grunnskóla og höfðu engin samræmd próf tekið. Tækifæri til þess að bjóða upp á og útfæra einstaklingsmiðað nám var því kjörið. Ákveðið var að bjóða þeim sem stæðu betur að vígi úr þessum hópi að ljúka fornámsáföngum, sem venjulega eru tveir, á einni önn.

Í nemendahópnum voru níu nemendur með greiningar um námsörðugleika; sjö með dyslexíu og tveir með ADHD.

⁴ Markmið Nemendapjónustu ME er að leitast við að veita öllum nemendum skólans þjónustu við hæfi. Sjá [umfjöllun á vef skólans](#).

Matslisti ASEBA (YSR),⁵ sem mælir hegðun, líðan og færni, var lagður fyrir alla nemendur í þróunarverkefninu við upphaf og lok skólaárs. Samkvæmt niðurstöðum í upphafi skólaárs virtust sex nemendur, sem ekki voru með fyrri greiningar, vera með einkenni um ADHD og hegðunarraskanir. Þeim nemendum var vísað til geðlækna til frekari greiningar. Greinilegur kynjamunur kom fram hvað snertir hegðunarvanda þar sem strákar virtust oftast eiga við slíkan vanda að etja. Einnig var áberandi að líðan þeirra virtist almennt verri heldur en stúlkna. Af þessum 24 nemendum voru þrír sem áttu við fjölpættan félagslegan, námslegan og tilfinningalegan vanda að stríða. Þessir nemendur gáfust upp og hættu í skólanum.

Einstaklingsmiðað nám í kjarnagreinum

Kennarar í fornámsáföngum í stærðfræði, ensku og íslensku höfðu mismunandi viðhorf til einstaklingsmiðunar og ákveðið var að fara þrjár mismunandi útfærsluleiðir.

Í stærðfræði var nýr kennari að taka við og treysti sér ekki til að fara yfir efni beggja fornámsáfanganna eins og ætlunin var að bjóða þeim nemendum sem stóðu betur að vígi. Sú leið var valin að hafa tveggja vikna námskeið fyrir þá nemendur með aðstoð annars kennara með mikla kennslureynslu. Að námskeiðinu loknu var lagt fyrir próf þar sem nemendur þurftu að minnsta kosti að fá einkunnina 7,0 til að standast áfangann og hefja nám í STÆ162⁶ sem er yfirleitt fyrsti áfangi bóknámsbrauta í stærðfræði. Tólf nemendur völdu að taka þetta próf, sex þeirra náðu tilskildum árangri. Við lok skólaársins höfðu þrír af þeim nemendum náð að ljúka fjórum einingum í stærðfræði (162 og 122), tveir þeirra náð að ljúka tveimur einingum (162) og einn þeirra ekki náð að ljúka einingu. Þessi útfærsla kom í veg fyrir að nemendur sætu að óþörfu í fornámsáföngum í stærðfræði í tvær annir og þeir gátu byrjað fyrr í einingabæru námi. Aðrir nemendur úr þessum 24 manna hópi, sem tóku þátt í þróunarverkefninu, tóku fornámsáfanga í stærðfræði á haust- og vorönn þar sem hver og einn vann á sínum forsendum við að tileinka sér efni áfanganna. Stuðst var við ýmsar aðferðir og nemendur hvattir til að prófa sig áfram við að finna sinn námsstíl og þær námsaðferðir sem hentuðu hverjum og einum við að ná tókum á stærðfræðilegum úrlausnarefnum. Þessi nálgun gafst mjög vel þar sem allir nemendur náðu áfangamarkmiðum. Augljóslega fara nemendur á misjöfnum hraða þegar einstaklingsmiðun er með þessum hætti þannig að þeir sem voru fljótir að tileinka sér námsefnið og komast yfir það áttu kost á að fá ítarefni eða jafnvel nýta tímann til að sinna námi í öðrum greinum.

Framhaldsskólakennari með langa kennslureynslu í grunn- og framhaldsskóla kenndi áfangann ÍSL192 á haustönn og var tilbúinn til að leyfa nemendum að fara mishratt yfir námsefnið að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Í upphafi haustannar var lagt fyrir próf og skar niðurstaða þess úr um hvort nemendur gætu farið í gegnum námsefnið á hraðferð og tekið báða fornámsáfangana á einni önn. Enginn nemandi stóðst prófið en þeir þurftu að fá einkunnina 7,0 til að komast í einingabæran áfanga. Allir nemendur unnu í sama námsefninu en hver á sínum hraða þannig að þeir sem unnu hratt og voru fljótir að tileinka sér námsefnið gátu nýtt tímann til að sinna námi í öðrum greinum. Aðrir sem fóru hægar yfir fengu því meiri tíma með kennara sem hafði þá meira svigrúm til að sinna hverjum og einum.

Einstaklingsmiðun í ensku fólst í því að lagt var fyrir próf í upphafi skólaárs sem sex nemendur þreyttu og stóðust þrír lágmarkseinkunnina 7,0. Þessir þrír nemendur fengu auka tíma í ensku til að ljúka bæði ENS192 og ENS292 á haustönn og náðu þeir því allir. Tveir þeirra luku áfanganum ENS102 á vorönn. Í ensku var svipað fyrirkomulag og í íslensku

⁵ Sjá <http://www.aseba.net/>.

⁶ Almennt er áfangaröðin þannig að nemendur taka STÆ162, síðan STÆ122 og að lokum STÆ202. Þeir nemendur sem standa best að vígi að grunnskóla loknum taka STÆ103 og STÆ203.

en nemendur stóðu þó mun jafnar að vígi í þeirri grein, þannig að einstaklingsmiðun var ekki eins áberandi hluti af kennslufyrirkomulagi áfangans.

Í námsveri sem komið var á fót sem sérstökum hluta tilraunaverkefnisins var leitast við að styðja við heimanám og bæta námstækni og vinnubrögð nemenda. Leitað var eftir samstarfi við faggreinakennara nemenda í námsverum þannig að þeir skiluðu námsverskennurum áætlunum og verkefnalýsingum til lengri eða skemmri tíma. Þetta samstarf var gagnlegt og ein forsenda starfsins í námsverum. Nemendum var skipt í tvo tólf manna hópa sem hvor var í umsjón námsverskennara sem gegndu því hlutverki að halda utan um þann hluta þróunarverkefnisins. Kennarar í námsveri fóru markvisst yfir stöðuna í hverri grein hjá hverjum nemanda. Nemendur með ADHD og dyslexíu fengu viðbótarþjónustu; farið var nákvæmar yfir skil á heimaverkefnum þeirra, kíkt í skólatöskur og kannað hvort verkefnum hefði verið sinnt en þeim ekki skilað. Ljósritað var á litaðan pappír eftir þörfum og nemendur fengu aðstoð við að sækja sér hljóðbækur. Nokkur tími fór í að vinna með viðhorf nemenda til náms og skólagöngu. Margir þessara nemenda komu með neikvæð viðhorf til náms úr grunnskóla eftir að hafa gengið illa í námi þar.

Námsverskennarar ásamt verkefnisstjóra Nemendaþjónustu hittust einu sinni í viku og fóru yfir mætingar nemenda, svo og önnur einstök mál þeirra. Á þessum fundum var farið yfir framvindu þróunarverkefnisins og einnig voru ýmis álitamál tekin fyrir og ákvarðanir teknar um leyfissóknir frá nemendum, læknisvottorð og fleiri atriði.

Af þeim 24 nemendum sem hófu nám í námsverinu luku því 20, þar af voru sex sem luku námi á almennri braut og gátu hafið nám á bóknámsbrautum skólans. Til viðbótar náðu átta nemendur öllum prófum en vegna inntökuskilyrða á bóknámsbrautir, sem eru að fá einkunnina 7,0 í fornámsáföngum, þurftu þeir að vera annað ár á almennri braut.

Niðurstöður og mat á verkefninu

Niðurstöður verkefnisins voru þær að þau markmið sem sett voru í upphafi náðust að flestu eða öllu leyti. Sú hugmynd að hægt væri með markvissum stuðningi að aðstoða nemendur með námserfiðleika við að ná betri árangri í námi, yfirstíga hindranir og þekkja styrkleika sína tókst með ágætum. Staða nemenda byggist á ævilöngu ferli og tekur varla stakkaskiptum á einum vetri en ýmislegt getur áunnist með markvissri nálgun.

Einstaklingsmiðun í íslensku, ensku og stærðfræði skilaði bestum árangri fyrir þá nemendur sem vildu ljúka brautinni sem fyrst. Námsverin skiluðu árangri sem var greinanlegur, t.d. í viðhorfsbreytingu til náms. Nemendur virtust jákvæðari gagnvart því að vinna þau verkefni sem þeim voru sett fyrir, gengu ákveðnari til verks og tóku meiri ábyrgð á námi sínu. Hægt var að koma til móts við sérþarfir nemenda með sértæka námserfiðleika í námsverum þar sem hver nemandi vann á sínum forsendum og fékk aðstoð við að skipuleggja sig; nemendur voru minntir á að skila verkefnum og hvattir til að standa sig.

Í lok skólaárs var gerð könnun meðal nemenda í þróunarverkefninu þar sem þeir voru spurðir um líðan og námsframvindu. Niðurstöður þessarar könnunar sýndu að 69% nemenda töldu sig standa betur í námi eftir veturinn, 88% þeirra töldu að nám vetrarins hefði verið gagnlegt og 94% þeirra sögðu að námsverið hefði gagnast vel. Þessar niðurstöður sýna að markviss stuðningur við heimanám er einn lykillaþáttur í að aðstoða nemendur sem glíma við námserfiðleika.

Í könnuninni voru nemendur spurðir um eigið mat á gæðum kennslunnar í sex námsgreinum og beðnir um að meta viðhorf kennara gagnvart sér. Nemendur voru almennt ánægðir með kennsluna og kennara sína. Niðurstöðurnar bentu þó til þess að viðhorf kennara á almennri braut til nemenda sinna þurfi að taka mið af stöðu þeirra og leggja þurfi sérstaka áherslu á hvatningu og jákvætt viðmót. Þessir nemendur eru oft viðkvæmir

og búa við lágt sjálfsmat. Kennslan þarf að vera fjölbreytt og námsmat þarf að vera sveigjanlegt. Vel skipulögð kennsla, skýr mörk og sveigjanleiki þegar við á virðast skipta þessa nemendur miklu máli.

Eins og áður hefur komið fram var matslisti ASEBA (YSR) lagður fyrir nemendur í þróunarverkefninu í upphafi og lok skólaárs. Niðurstöður í lok skólaárs bentu til þess að heildarvandi beggja kynja færi minnkandi, þó meira hjá stelpum. Ein skýring á því gæti verið sú að strákarnir hafi öðlast aukið innsæi gagnvart líðan sinni og tilfinningum og að það komi fram sem tímabundin vanlíðan meðal þeirra. Í því sambandi má hafa í huga að ein forsenda þess að ná auknum tilfinningaþroska er að skynja eigin vanlíðan, skilja vanda sinn og vera tilbúinn að takast á við hann. Hegðunarvandi beggja kynja minnkaði en þó sýnu meira hjá strákum. Líðan strákanna virtist líka batna frá því sem var við upphaf skólaárs.

Almennt virtist einstaklingsmiðun náms og aukin aðstoð við heimanám hafa skilað góðum árangri. Eins og fram hefur komið gekk margt vel en annað þarf frekari skoðun og nýja útfærslu. Þar má nefna aukið foreldrasamstarf og fræðslu til foreldra þar sem rannsóknir hafa sýnt að hvatning og áhugi foreldra á námi barna sinna gegna lykilhlutverki varðandi árangur í námi.⁷ Fjölga þarf tækifærum til einstaklingsviðtala, endurskoða þarf námsmat með tilliti til fjölbreytileika og sveigjanleika þar sem hefðbundin próf henta þessum nemendum oft illa.⁸ Einnig þurfa kennarar að eiga kost á endurmenntun og fræðslu til að geta sinnt sem best kennslu nemenda á almennri braut. Í raun eru framhaldsskólakennarar fyrst og fremst sérfræðingar í tilteknu fagi og sú kennslufræði sem þeir hafa lært miðar einkum að því að miðla því fagi. Það er því eðlilegt að það taki tíma fyrir framhaldsskólakennara að breyta viðhorfum sínum og kennsluháttum í þá átt að taka við og sinna mjög fjölbreytilegum nemendahópi. Ákveðinn hluti hans er lítt stemmdur fyrir bóklegt nám og á jafnvel í umtalsverðum erfiðleikum með það.⁹ Þó að framhaldsskólinn hafi verið opnaður fyrir alla nemendur sem lokið hafa grunnskóla þá hefur menntun framhaldsskólakennara lítið breyst og tekur ekki nægjanlega mið af því að nemendahópurinn er ekki lengur jafn einsleitur og áður. Námskeið um kennslu nemenda með námsörðugleika hafa til að mynda lengst af verið val en ekki skylda í almennu kennsluréttindanámi fyrir framhaldsskólakennara. Niðurstöður þróunarverkefnisins benda til þess að hægt sé að mæta þessum hópi nemenda með ákveðnum aðferðum og skipulagsbreytingum og gefa þeim þannig tækifæri til að ná árangri í námi. Einstaklingsmiðun á almennri braut er vel framkvæmanleg og ákveðinn sveigjanleiki ætti að vera útgangspunktur þar sem ávallt er tekið mið af stöðu nemandans og leitast við að mæta honum þar sem hann er staddur í námi.

Hvað næst?

Niðurstaða þróunarverkefnisins var sú að einstaklingsmiðun og námsver hentuðu vel nemendum á almennri braut. Þó er ljóst að þessi úrræði fullnægja ekki þörfum allra nemenda sem sækja um nám á almennri braut. Þau gagnast fyrst og fremst þeim sem hafa væga námserfiðleika en ekki þeim sem eiga við verulega námserfiðleika að etja og þeim sem stríða við flókin tilfinningaleg og félagsleg vandamál. Það kom berlega í ljós þegar þrír nemendur með fjölþættan námslegan, félagslegan og tilfinningalegan vanda urðu að hverfa frá námi. Sértæka einstaklingsmiðun hefði þurft fyrir þessa nemendur hvað varðaði nám, stuðningsúrræði og reglur um skólasókn.

⁷ Sjá t.d. Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Kristjönu Stellu Blöndal. (2005). Brothvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23.

⁸ Sjá t.d. Black, P. og Harrison, C. (2000). Formative assessment. Í Monk, M. og Osborne, J. (ritstj.), *Good practice in science teaching – What research has to say* (25–40). Buckingham: Open University Press. Sjá enn fremur Boston, C. (2002). The concept of formative assessment. *Practical Assessment, Research and Evaluation*, 8(9). Sótt 24. mars, 2009 af <http://PAREonline.net/getvn.asp?v=8&n=9>.

⁹ Sigrún Harðardóttir. (2005). *Þurfa allir að verða stúdentar? Framhaldsskólinn og nemendur með ADHD*. Óbirt MSW-ritgerð, á Landsbókasafni.

Nýtt námsumhverfi þarf fyrir þann hóp sem þarf langan tíma til að öðlast trú á eigin getu og ná góðu jafnvægi í líðan til að geta sinnt námi. Þessir nemendur eru oft illa staddir eftir margra ára ósigra við bóklegt nám. Þeir þurfa tækifæri til að vinna að verkefnum sem þeir ráða við og reyna á sterkar hliðar þeirra. Í næstu grein verður sagt frá þróunarverkefni um fjölgreinabraut þar sem sértæk einstaklingsmiðun var ráðandi.

Heimildir

Black, P. og Harrison, C. (2000). Formative assessment. Í Monk, M. og Osborne, J. (ritstj.), *Good practice in science teaching – What research has to say*, (bls. 25–40). Buckingham: Open University Press.

Boston, C. (2002). The concept of formative assessment. *Practical Assessment, Research and Evaluation*, 8(9). Sótt 24. mars 2009 af <http://PAREonline.net/getvn.asp?v=8&n=9>

Jónína Rós Guðmundsdóttir, Maríanna Jóhannsdóttir og Sigrún Harðardóttir. (2007). *Almenn braut, tveggja ára valkostur og stuðningur við nemendur með sértæka námserfiðleika. Skýrsla vegna þróunarverkefnis í Menntaskólanum á Egilsstöðum 2005–2007*. Menntaskólinn á Egilsstöðum.

Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristjana Stella Blöndal. (2005). Brotthvarf ungmenna frá námi og uppeldisaðferðir foreldra: Langtímarannsókn. *Tímarit um menntarannsóknir*, 2, 11–23.

Sigrún Harðardóttir. (2005). „Þurfa allir að verða stúdentar?“ *Framhaldsskólinn og nemendur með ADHD*. Óbirt MSW-ritgerð, á Landsbókasafni.



Sigrún Harðardóttir og Tinna Kristbjörg Halldórsdóttir. (2011). Einstaklingsmiðað nám í framhaldsskóla: Sérstakur stuðningur við nemendur á almennri braut. *Netla – Vefrit um upplæsi og menntun*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/004.pdf>